

Reykjavík, 3. apríl 2008

Til menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur
Til menntamálanefndar Alþingis
Afrit sent formönnum þingflokka.

Efni: Frumvarp til laga um grunnskóla, 25. grein.

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga sendi álit um 2. grein frumvarps til laga um grunnskóla fyrir á þessu ári. Vill nefndin nú fá að gera athugasemd við 25. grein frumvarpsins.

Samkvæmt 25. grein er námsgreinin „Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði“ felld niður sem sjálfstætt fag og felld undir almennar samfélagsgreinar. Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Loks er tillaga um að kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði flokkist undir samfélagsgreinar en teljist ekki sérstakur liður í lögum. Áfram verði áhersla á þessa þætti innan samfélagsgreina, en í gildandi viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá eru þessir þættir með sameiginlega tíma til ráðstöfunar.“

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga leggst eindregið gegn því að fagið „Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði“ verði felld niður sem sjálfstætt fag. Setningin „áhersla verði lögð á þessa þætti“ sýnir glögg hve órugga stöðu fagið mun hafa. Af samræðum við kennara og reynslu okkar sem foreldra vitum við að þetta fag á nú þegar undir högg að sækja í mörgum skólum.

Þó að þessar greinar hafi sameiginlega tíma til ráðstöfunar í viðmiðunarstundaskrá eru það ekki rök fyrir því að leggja hana niður. Það er alveg ljóst að með þessu er vegið að kristinfræðikennslu í skólum en einnig og ekki síður að allri trúarbragðafræðslu. Þetta gerist á tíma vaxandi fjölmenningar hér á landi og vaxandi alþjóðavæðingar, þegar mikilvægt er að við þekkjum bæði okkar trúarbrögð og trúarbrögð annarra, og lífsskoðanir.

Þessi breyting er einnig í mótsögn við skólalald víðast Evrópu. Í ritinu Religious Education in Europe (2007) sem Intereuropean Commission on Church and School gefur út kemur einmitt fram að í flestum löndum Evrópu er greinin kennd sem sérstök námsgrein. Þá hefur Öryggis og samvinnustofnun Evrópu sent frá sér leiðbeinandi reglur um kennslu um trúarbrögð í skólum þar sem tekið er fram að þekking á trúarbrögðum og trú sé mikilvægur þáttur í gæðum menntunar sem geti stuðlað að lýðræði, gagnkvæmri virðingu, auknið stuðning við trúfrelsi og skilning á fjölbreytni samfélagsins.¹

Þá er í þessari námsgrein einnig áhersla á að kenna siðfræði. Sú siðfræði grundvallast á hinum kristna og húmanistíska arfi sem við höfum sem þjóð þegið í arf frá gegnum kynslóðum og á sér rætur í fornöld. Miðlun hans hlýtur að teljast mikilvægt hlutverk skóla.

¹ Organisation for Security and Co-operation in Europe/Office for Democratic Institutions and Human Rights: The Toledo guiding principles of teaching about religions and beliefs in public schools (2007).


Spyrja má hvaðan sú krafa kemur að fella „Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði“ niður sem sérstakt fag.

Í könnun sem Gallup gerði árið 2004 fyrir Guðfræðistofnun, Þjóðkirkjuna og Kirkjugarða Reykjavíkur, var spurt um afstöðu til kristindómsfræðslu í skólum. Af þeim sem afstöðu tóku sögðu 72% að hún væri hæfileg, 20% að hún væri of lítil og 9% að hún væri of mikil. Þarna kemur skýrt fram að ekki er áhugi á því að minnka þessa kennslu, eins og óhjákvæmilega er hætta á ef fagið verður fellt niður sem sjálfstætt fag.

Einnig var spurt um trúarbragðafræðslu (fræðsla í grunnskólum um önnur trúarbrögð en kristni) og þar voru skilboðin skýr: Hún er of lítil. Af þeim sem tóku afstöðu sögðu 33% að hún væri hæfileg, tæp 64% töldu að hún væri of lítil.

Trúarbragðafræðsla á Íslandi stendur veikum fótum. Hún er aðeins kennd sem valgrein í nokkrum framhaldsskólum og í kennaranámi. Full ástæða er til að styrkja hana á öllum skólastigum. Því er afar mikilvægt að fagið „Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði“ fái áfram að vera sérstakt fag í grunnskóla og verði sem slíkt forsenda þekkingar og skilnings og ítrekun á mikilvægi þess að einnig sé lögð áhersla á þessi trúarbragðafræði í framhaldsskóla.

F. h. Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga



María Ágústsdóttir, formaður.

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga er samvinnuvettvangur kristinna kirkna og kirkjulegra hreyfinga á Íslandi. Aðild að þessari nefnd eiga: Aðventistar, Frikirkjan Vegurinn, Hvítasunnukirkjan, Hjálpræðisherinn, Íslenska Kristkirkjan, Kapólska kirkjan, Óháði söfnuðurinn og Þjóðkirkjan.